

Nd.

689. Frumvarp

til laga um náttúrufríðun, fríðun sögustaða o. fl.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Fríða má samkvæmt lögum þessum staði, jarðmyndanir, dýralif eða gróður, sem fríðunarnefnd telur nauðsynlegt, að eigi sé spillt, vegna fegurðar þeirra eða sérkenna, eða vegna náttúrufræðilegs eða sögulegs gildis þeirra.

2. gr.

Fríðunarnefnd skal skipuð 5 mönnum. Velur stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags 2 menn í nefndina, stjórn Ferðafélags Íslands 1, og forminja-

vörður er sjálfkjörinn í nefndina, en fimmta nefndarmanninn skipar kennslumálaráðuneytið. Nefndarmenn skulu valdir til 4 ára í senn, en af nefndarmönnum þeim, er fyrst verða valdir, skulu þó 2 ganga úr nefndinni eftir hlutkesti eftir 2 ár.

Hætti félög þau, er velja eiga menn í friðunarnefnd, störfum sínum, annaðhvort eða bæði, skipar kennslumálaráðherra, þar til öðruvísi verður ákveðið, menn í friðunarnefnd í stað þeirra manna, er félög þessi skyldu velja í nefndina.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum.

3. gr.

Nú ákveður friðunarnefnd að friða einhvern stað skv. 1. gr., og semur hún þá frumvarp til samþykktar um friðunina, áætlun um framkvæmd hennar og kostnað þann, er hún hafi í för með sér, og sendir hana þeim aðilja eða aðiljum, sem vænta má, að beri kostnaðinn við friðunina skv. 8. gr.

4. gr.

Í samþykktum nefndarinnar um friðun skal skýrt kveðið á um það, hvað friðað sé og með hverjum hætti, hversu viðtæk friðunin skuli vera og hversu staðir þeir, sem friðaðir eru, skuli auðkenndir og afmarkaðir.

5. gr.

Samþykktir sínar um friðun skal nefndin senda kennslumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum samþykktin koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttar manna, endursendir hann nefndinni samþykktina án staðfestingar og að tilgreindum ástæðum fyrir synjun staðfestingarinnar. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, sér um birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðindanna og Lögbirtingablaðinu og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi.

Staðfesta friðunarsamþykkt má eigi fella úr gildi né breyta henni á annan hátt en heimilað var, þegar hún var stofnuð.

6. gr.

Nú er hætta á, að spillt verði stað, dýralífi, gróðri eða öðru, er nefndin telur ástæðu til að friða, og getur nefndin þá bannað þær aðgerðir, þar til úrskurðað er, hvort það, sem um er að ræða, skuli friðað eða eigi.

7. gr.

Nú þykir líklegt, að friðun hafi í för með sér skerðingu á réttindum einstaklings, félags eða stofnunar, og skal þá friðunarnefnd, áður en hún tekur ákvörðun um friðunina, skýra hlutaðeigandi réttarhafa frá áformi sínu og leita samkomulags við hann um friðunina. Náist eigi samkomulag, má nefndin krefjast þess, að eignarnám fari fram, eftir því sem með þarf, til þess að friðuninni verði á komið. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir almennum reglum laga.

8. gr.

Eignarnám samkv. 7. gr. má því aðeins fara fram, að fyrir hendi sé nægilegt fé til þess að greiða bætur þær, er metnar kunna að verða fyrir eignarnámið, svo og fé til þess, er framkvæma þarf, til þess að friðunin komi að gagni og trygging fyrir því, að kostnaður við friðunina, ef einhver er, verði greiddur framvegis, hvort sem féð er lagt fram úr ríkissjóði, af bæjar- eða sveitarfélögum eða öðrum, sem gangast vilja fyrir friðun þeirri, sem um er að ræða. Réttindi þau, er eignarnámi eru tekin, verða við eignarnámið eign þess, er fé hefir lagt fram til bótagreiðslunnar, en sæta þeirri meðferð, er ákveðin verður í friðunarsamþykkt nefndarinnar.

9. gr.

Friðunarnefnd getur, með samþykki kennslumálaráðherra, veitt vísindastofnunum og mönnum, sem fást við vísindarannsóknir og þurfa að halda á sýnishornum af jarðtegundum, steinum, bergtegundum, jurtum eða dýrum, sem friðuð eru samkv. lögum þessum, undanþágu frá þeirri friðun. Þess skal þó jafnan gæta, að þær undanþágur séu svo takmarkaðar, að friðun skerðist eigi meir en brýn þörf vísindarannsóknanna krefur.

Undanþágur þær, er ræðir um í 7. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja, skulu hér eftir eigi veittar, nema með samþykki friðunarnefndar.

10. gr.

Hið islenzka náttúrufræðifélag skal eitt hafa rétt til að láta merkja islenzka villifugla. Stjórn félagsins getur þó leyft öðrum að merkja villifugla, enda fari þeir eftir þeim fyrirmælum um merkinguna, sem hún setur þeim.

11. gr.

Bannað er að setja upp auglýsingar á viðavangi eða meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna, svo og að letra auglýsingar á steina eða þessháttar meðfram slíkum vegum, nema með leyfi friðunarnefndar.

12. gr.

Eftir tillögum friðunarnefndar getur heilbrigðismálaráðherra sett reglur um hreinlæti á opinberum gistingarstöðum og um þrifalega umgengni utanhúss á stöðum, sem í þjóðbraut liggja.

13. gr.

Öllum er skylt að hafa þrifalega umgengni á áningarstöðum eða tjaldstöðum, og má þar eigi skilja eftir rusl eða annað, sem til óþrifa sé.

14. gr.

Kostnaður við starf friðunarnefndar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum, eða samþykktum eða reglum, sem samkvæmt þeim verða settar, varða sektum, allt að 2000 kr., er renni í rikissjóð. Nú er unnt að bæta að nokkru eða öllu úr spjöllum þeim, sem gerð eru með brotum þessum, og má þá dæma hinn seka til að greiða að nokkru eða öllu leyti kostnaðinn við þær umbætur.

16. gr.

Með mál út af brotum þeim, sem ræðir um í 15. gr., skal farið sem almennt lögreglumál.

Greinargerð.

Hér á landi eru margir staðir, sem merkilegir eru sakir sérkennilegrar landslagsfegurðar, gróðrar eða dýralífs, og jarðmyndanir, sem veitt geta mikilsverða fræðslu um myndunarsögu landsins. Ýmsir slíkir staðir liggja nú undir skemmdum af manna völdum, oft gersamlega að óþörfu, og væri það tjón, sem oft er óbætanlegt, að láta þetta viðgangast. Eins og nú er háttáð löggjöf vorri, er hægt að vernda sérstakar fornminjar, svo sem fornar rústir og þess háttar, en sjálfa staðina er ekki hægt að vernda gegn skemmdum. Má þar til nefna hina fornu þingstaði, sem óhæfa er að eyðileggja með jarðraski. Hafa margar þjóðir fyrir löngu sett lög til verndar slíkum merkisstöðum.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er að mestu leyti samið af nefnd, sem skipuð var fyrir forgöngu Náttúrufræðifélagsins í vetur, og sátu í þeirri nefnd fulltrúar frá ýmsum þeim félögum, sem sérstaklega láta sér annt um náttúru landsins, fegurð þess og sögulegar minjar.

Um einstakar greinar frumvarpsins er naumast ástæða til að rita. Þó skal þetta fram tekið:

Um 7. og 8. gr. Oftast mun reynslan verða sú, að hægt er að friða þá staði, sem hér er um að ræða, án þess að það fari í bág við hagsmuni nokkurs manns. En þó getur út af þessu brugðið, og við það er eignarnámsheimildin miðuð. Er þó leitast við að setja skorður við því, að eignarnáms sé krafist nema tryggt sé það fé, sem þarf til friðunarinnar.

Um 9. gr. Rétt þykir og jafnvel nauðsyn að takmarka mjög undanþágur þær, sem veittar hafa verið frá l. nr. 59 1913 vegna misbrúkunar. Segja fróðir menn, að horfur séu á, að sumar tegundir fugla geti jafnvel útrýmzt, ef svo heldur áfram.

Um 10. gr. Það er nú farið að tíðkast svo mikið, að hinir og þessir menn merki fugla, að þetta veldur stórníklum ruglingi. Er nauðsynlegt að koma í veg fyrir þetta, til þess að þær merkingar, sem raunverulega eru gerðar til rannsóknna á ferðalögum fugla, komi að tilætluðum notum.